

## Landbúnaður í sveitarfélaginu

Til : Óðinn Gunnar Óðinsson <odinn.gunnar.odinsson@mulathing.is>  
Frá : Jón Elvar Gunnarsson <jon90elvar@gmail.com>  
Heiti : Landbúnaður í sveitarfélaginu  
Málsnúmer : 202310196  
Málsaðili : Jón Elvar Gunnarsson  
Skráð dags : 04.11.2023 16:34:35  
Höfundur : Jón Elvar Gunnarsson <jon90elvar@gmail.com>

Þú færð ekki oft tölvupóst frá jon90elvar@gmail.com. [Kynntu þér hvers vegna þetta gæti verið mikilvægt](#)

?Góðan daginn

Ég hvet heimastjórn Fljótshéraðs að gera álika bókun og senda á sveitastjórn Múlaþings líkt og aðrar sveitastjórnir hafa gert þar sem landbúnaður er ein af aðal atvinnugreinum sveitarfélagsins

Hér er bókun sem sveitastjórn Eyjafjarðarsveitar bókaði fyrir skemstu.

### 17. 2310015 - Málefni landbúnaðar

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar lýsir yfir þungum áhyggjum yfir þeirri stöðu sem upp er komin hjá bændum. Miklar kostnaðarhækkanir og hækkun stýrivaxta á liðnum tveimur árum hafa verið bændum mjög erfiðar og hefur rekstrargrundvöllur margra búa brostið.

Það er sveitarfélaginu afar mikilvægt að matvælaframleiðslu sé skapaðar öruggar rekstraraðstæður enda er hún aðal atvinnuvegur sveitarfélagsins.

Atvinnuvegur eins og landbúnaður sem í eðli sínu þarf miklar fjárfestingar með hlutfallslega litla veltu þarf að geta gengið að lánakjörum sem skapar meiri fyrirsjáanleika í afborgunum og vaxtakjörum.

Sveitarstjórn skorar á stjórnvöld að grípa til aðgerða gagnvart þeim rekstrarerfiðleikum sem bændur standa frammi fyrir svo ekki verði hrun í greininni. Tryggja þarf að matvælaframleiðsla eflist og verði fjölbreyttari svo fæðuöryggi þjóðarinnar verði betur tryggt.

Kv. Jón Elvar

Bóndi á Breiðavaði og formaður Félags nautgripabænda á héraði og fjörðum